



Grein birt 31. desember 2010

Pórunn Blöndal

Málheimur kennslustofunnar

Aðgreining talmáls og ritmáls í kennslu

(Næstum) allt sem fer fram í kennslustofunni er tengt máli og málnotkun; kennarinn talar við nemendur, nemendur tala saman, þeir lesa fjölbreytta texta og skrifa ólíkar textategundir. Þrátt fyrir það hefur verið vanrækt að gera nemendum grein fyrir einkennum og aðgreiningu talmáls og ritmáls, og það sem verra er, í kennaranámi á Íslandi er þessi þáttur að miklu leyti vanræktur. Í greininni er rætt um nokkur einkenni dæmigerðs talmáls og dæmigerðs ritmáls, hvað er ólíkt með þessu tvennu og hvað líkt. Þá er útskýrt hvers vegna er mikilvægt að halda rit- og talmáli aðgreindu en með því móti gætu kennarar hugsanlega fækkað göllum á ritgerðum nemenda sinna því stór hluti þess sem rýrir gæði ritsmíða á rætur í því að nemendur vita ekki hvað er við hæfi í ólíkum textategundum.

Höfundur er dósent í íslenskri málfræði við Kennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

Working with spoken and written language in the classroom

(Almost) all classroom activities are based on language use, i.e. verbal communication and writing and reading diverse texts of different genres. The article suggests that even though language usage plays such an important role in the classroom, teaching about the fundamental difference between mundane conversation and formal written language has been neglected in formal education, and, moreover, it is also seriously neglected in teacher education in Iceland. The article explains some of the differences in the usage of spoken and written language and claims that many of the faults we find in students' assignments originate in lack of knowledge and awareness of what is appropriate in a given context of different genres.

Inngangur

Kennslustofan er fjölbreytilegur og spennandi málheimur. Alveg frá fyrsta skólaári er flest sem þar fer fram byggt á málnotkun af einhverjum toga. Þegar nemendur stálpast er þessi málheimur orðinn flókinn og margbreytilegur og mikilvægt að kennarar beini athygli nemenda að því hvernig málið er notað og veki máls á blæbrigðum og hefðum í málnotkun. Í þessari grein er sjónum einkum beint að menntun kennara og kennslu í efstu bekkjum grunnskóla og í framhaldsskóla en margt af því sem um verður rætt á fullt eins erindi til kennara í yngri bekkjum grunnskóla. Umræðuefnið hér er íslenskukennsla frá sjónarhorni *málnotkunar*. Með *málnotkun* er átt við íslenskt mál eins og það ber fyrir augu í ritmáli eða berst okkur að eyrum í tali; þ.e. raunverulegt mál sem nemendur nota sjálfir eða hafa heyrt eða lesið. Í greininni er mælt með því að vinnu út frá þessu sjónarhorni verði sinnt betur en nú er gert í íslenskum skólum en vinna við formlega greiningu málsins

verði að sama skapi minni. Vinna út frá sjónarhorni málnotkunar er nauðsynlegur þáttur í menntun kennara og gæti breytt talsverðu inni í kennslustofum grunn- og framhaldsskóla. Sjónarhorn málnotkunar er einn af hornsteinunum í kenningakerfi virknimálfræði (e. *functionalism*) en þar er fyrst og fremst hugað að hlutverki eða virkni máleininga í tal- eða ritmáli eða m.ö.o. hvernig orð, setningarliði og setningar málnotendur velja og hvaða áhrif valið hefur á samhengi og heildaryfirbragð orðræðunnar (sjá um virknimálfræði Þórunni Blöndal, 2005a). Undirgreinar virknimálfræði eru nokkrar og tvær eru í forgrunni í þessari grein, sem sé *orðræðugreining* (sjá kynningu á orðræðugreiningu í Þórunni Blöndal, 2001 og 2005a) og *samtalsgreining* (sjá Þórunni Blöndal, 2005a). Á þá síðarnefndu má líta sem eina af undirgreinum orðræðugreiningar en í báðum greinum er fengist við beitingu málsins í ræðu og í riti.

Í greininni verður fjallað um einn þátt málnotkunar sem ég tel til lykilþátta í kennslu móðurmáls, sem sé samanburð á tal- og ritmáli. Kennarar sem vinna út frá sjónarhorni málnotkunar hafa aðra sýn á tungumálið en þeir sem eingöngu vinna með form þess en í raun má segja að hæfileg blanda af málfræðigreiningu og vinnu út frá sjónarhorni málnotkunar sé æskileg í menntun kennara. Með markvissri umræðu um málnotkun í tengslum við kennslu í íslenskri málfræði beinum við athygli nemenda okkar að því hvernig máleiningarnar eru notaðar í raun og veru og við það öðlast formleg málfræðikennsla tilgang en stundum hefur einmitt verið rætt um að tilgangssleysið og tengslaleysi við raunveruleikann standi málfræðináminu fyrir þrífum.

Greininni er skipt í fjóra kafla sem hér segir: Á eftir inngangi er kafli um aðgreiningu og einkenni talmáls og ritmáls og mikilvægi þess að halda þessu tvennu skýrt aðgreindu í allri vinnu við tungumálið. Í kafla þar á eftir er vikið að nokkrum viðfangsefnum sem tilvalið er að leyfa nemendum að spreya sig á í kennslustundum. Að auki er hugað að því hvernig kennarar gætu staðið að rannsóknum á einstökum þáttum málnotkunar í skólastofunni og er þá gengið út frá því að kennarar hafi almennt áhuga á því að bæta við sig þekkingu og miðla til annarra kennara og eins því að þeir fái tækifæri til slíkra athugana. Í fjórða og síðasta kafla eru örfá lokaorð.

Aðgreining og einkenni talmáls og ritmáls

Hvers vegna er aðgreining nauðsynleg?

Í kennaranámi er nauðsynlegt að leggja áherslu á að nemandur læri að gera skýran greinarmun á talmáli og ritmáli. Sú vitneskja er vitaskuld nauðsynlegust fyrir þá kennara sem hyggjast leggja fyrir sig íslenskukennslu en kennarar annarra greina ættu líka að fá til sögn af þessu tagi vegna þess að tungumálið er helsta vinnutækið í kennslustundum allra greina. Í öllum kennslustundum fara fram samræður af ýmsu tagi, kennari talar við nemendur, bæði sem einstaklinga og hóp; nemendur ræða saman í litlum hópum eða stórum, oft í tengslum við verkefnavinnu, og þeir spjalla saman utan við námsefnið. Þessir sömu nemendur þurfa allir að lesa kennslubækur í ólíkum greinum þar sem efnið er matreitt með ýmsum hætti, oft með flóknu samspili texta og skýringarmynda, þeir lesa skáldsögur og ljóð og þeir þurfa að skila skriflegum úrlausnum, skýrslum og ritgerðum af ýmsum toga. Allar þessar athafnir krefjast þess að kennarar og nemendur þekki vel til málnotkunar í ræðu og riti og þekki þær hefðir sem ríkja í málsamfélaginu um meðferð málsins í textategundum talmáls og ritmáls.

Ef kennarar leggja ritmál og talmál að jöfnu, ef þeir búa ekki yfir traustri þekkingu á því sem greinir þetta tvennt að, er líklegt að þann mikilvæga þátt vanti alveg í kennsluna. Það getur haft ýmsar afleiðingar í för með sér fyrir nemendur og þau ólíku verkefni sem þeir þurfa að takast á við.

Helsta ástæðan fyrir því að aðgreining á tal- og ritmáli er nauðsynleg er sú að talað mál lýtur öðrum lögmálum en ritmál og ýmislegt sem er gjaldgengt í hversdagslegu talmáli er það alls ekki í formlegum ritmiðum, s.s. eins og ritgerð eða skýrslu. Ef aldrei er vakin athygli á þessum mun og aldrei rætt hvað er við hæfi við tiltekna málaðstæður er mögulegt að nemandinn noti tungumálið bara eins og andinn innblæs honum í ræðu og riti án þess að leiða hugann að hefðum og venjum innan þeirrar textategundar sem hann fæst við hverju sinni.

Önnur ástæða til þess að mæla með því að ræða ítarlega mun á tal- og ritmáli í kennarnámi er sú að öll tilsögn í notkun málsins verður markvissari þegar það er alveg ljóst hvort rætt er um talmál eða ritmál. T.d. má ræða á mun skilvirkari hátt um málið á nýjum samskiptamiðlum ef þessi skil talmáls og ritmáls eru skýr en kennarar hafa látið í ljós áhyggjur af áhrifum þessara miðla á ritun nemenda á öðrum vettvangi. Með aukinni þekkingu á því hvað greinir að ritmál og talmál fá kennarar hugtök til að ræða um ýmislegt sem annars væri þokukennt og nafnlaust og um leið verður kennslan markvissari.

Hérlendis hefur lítil áhersla verið lögð á það í kennslu að greina sundur talmál og ritmál og afleiðingin er sú að talsvert er um að stálpaðir nemendur, jafnvel háskólanemar, noti talmálslegt orðalag sem lýtir ritmiðar þeirra og rýrir gæði þeirra. Stundum gerist það líka að óöryggi nemenda í þessum efnum birtist á þann hátt að þeir sveiflast milli hversdagslegs talmáls og ofur hátíðlegs orðalags sem þeir hafa einhverja hugmynd um að eigi heima í formlegum skólaritgerðum. Við þetta kannast sennilega flestir íslenskukennarar.

Einkenni talmáls og ritmáls

Það er nokkuð útbreidd skoðun að vandað talmál og ritmál megi leggja að jöfnu. Það má til sanns vegar færa að því leyti að formlegt talmál, t.d. í undirbúnum ræðum og fyrirlestur, er í raun ritað mál sem er miðlað gegnum talfærin. Hins vegar er langur vegur frá venjulegu talmáli, eins og því sem fólk notar í daglegum samskiptum, til þess sem er skrifað og vandlega undirbúið. Í raun er það undirbúningsstigið sem þarna skiptir máli (Þórunn Blöndal, 2005a). Ritmál eins og það sem fyrir augu okkar ber í kennslubókum og tímaritsgreinum er þá dæmi um tiltölulega hátt undirbúningsstig en venjulegt talmál, t.d. í óformlegum kunningjasamtölum, dæmi um óundirbúið mál. Á þessu tvennu er allnokkur munur. Við þurfum líka að athuga enn eitt samskiptaform í þessu sambandi, þ.e. málið eins og það er notað í tölvupósti og spjalli á msn og fésbók og í sms-skilaboðum (stundum nefnt *rafmál*, sbr. Ásdís Arnalds og Sólveigu Einarsdóttur, 2010). Þetta mál er oftast lítið sem ekkert undirbúið og lýtur að einhverju leyti lögmálum talaðs máls en lifir að öðru leyti sjálfstæðu lífi. Þar hafa þróast reglur sem einungis eiga heima á þessu tiltekna samskiptaformi. *Tafla 1* útskýrir hvað hér er átt við þegar rætt er um talmál og ritmál:

Tafla 1 – Tegundir samskipta					
Birting	Undirbúningur	Miðlun	Samskipti	Einkenni	Niðurstaða
Talað mál, samtöl	Lítill sem enginn	Talmál	Samtöl	Óformlegt	<i>Dæmigert talmál</i>
Talað mál, Fyrirlestur	Mikill	Talmál	Fyrirlestur	Formlegt	Ritmál - lesið eða flutt
Ritað mál, Netspjall	Lítill sem enginn	Rafmál	Rafpóstur /spjall	Óformlegt	Skrifað talmál
Ritað mál, Ritgerð	Mikill	Ritmál	Skýrsla /ritgerð	Formlegt	<i>Dæmigert ritmál</i>

Í því sem hér fer á eftir er sjónum eingöngu beint að því sem í *Töflu 1* er kallað *dæmigert talmál* og *dæmigert ritmál*, þ.e. annars vegar nokkuð formlegt ritmál þar sem undirbúningur er vandaður og hins vegar óformlegt talmál sem er alveg óundirbúið.

Það eru nokkur atriði sem greina að talmál og ritmál. Í *Töflu 2* eru nefndir nokkrir þættir sem lúta að setningagerð og vísun til umhverfis og aðstæðna (sjá Hatch, 1996; Nunan, 1993; Tannen, 1982; Þórunni Blöndal, 2005a):

Tafla 2 – Þættir sem greina að dæmigert talmál og dæmigert ritmál		
Setningafræðilegir þættir	Talmál	Ritmál
- setningar	Stuttar klausur; setningarliðir; setningabrot.	Heilar málsgreinar.
- tengingar	Liðir tengdir með því að stilla þeim upp hverjum á eftir öðrum eða með einföldum tengingum.	Flóknar tengingar; t.d. þrátt fyrir, enda þótt o.fl.
- endurtekningar/viðgerðir	Endurtekningar og viðgerðir tíðar.	Endurtekningar aðeins sem stílbrigði; viðgerðir engar.
- setningaskipan	Hliðskipun setninga; einföld setningagerð.	Undirskipun setninga; flókin setningaskipan og langar málsgreinar.
Vísuð í umhverfi		
- notkun 1. og 2. pers. fornafna	Persónulegt. Mikil notkun 1. og 2. persónu fornafna.	Ópersónulegt. Lítil notkun 1. og 2. persónu fornafna.
- vísun með atviksorðum	Háð umhverfi og aðstæðum; tíðar vísanir til aðstæðna með orðum eins og <i>hérna, þarna, hingað, þangað</i> .	Óháð umhverfi og aðstæðum; fáar vísanir til aðstæðna.

Eins og taflan gefur vísbendingu um er talsverður munur á setningagerð í tal- og ritmáli og ýmislegt sem lögð er áhersla á í setningafræðikennslu og kennslu í ritun á alls ekki við um talmálið (sjá Þórunni Blöndal, 2005b). Þar má fyrst nefna þá áherslu sem í ritmáli er lögð á málsgreinina sem einingu og tengsl setninga í flóknum málsgreinum. Í venjulegu talmáli er ekki mikið um flóknar og margsamsettar málsgreinar en því meira af stökum stuttum setningum, setningarliðum og brotum, því sem í setningafræðinni var kallað *ófullkomnar setningar* (Björn Guðfinnsson, 1943, bls. 43–44). Hins vegar á setningafræðin engin hugtök til að lýsa ýmsu því sem fólk gerir ítrekað í venjulegum samtölum. Þar kemur hins vegar til kasta samtalsgreiningar sem einnig þyrfti að vera hluti af námi kennara og samtöl þyrftu sömuleiðis að vera umræðuefni í kennslustundum (sjá um samtalsgreiningu Þórunni Blöndal, 2005b). Eins og kemur fram í *Töflu 2* eru endurtekningar á orðum eða setningarliðum tiltölulega tíðar í talmáli en slíkt er heldur illa séð í ritun. Viðgerðir eru líka algengar í talmáli, fólk byrjar að segja eitthvað en rekur í vörðurnar af ýmsum ástæðum og byrjar aftur með breyttu sniði; slíkt þekkist vitaskuld ekki í vönduðu ritmáli (eða e.t.v. er réttara að segja að slíkt sjáist ekki í endanlegri gerð ritsmíðar). Í samtali eru þeir sem ræða saman báðir (eða allir) viðstaddir og það býður upp á mikla notkun fornafnanna *ég* og *þú*; fornöfnin koma vitaskuld fyrir í formlegum ritgerðum en ekki í sama mæli. Þeir sem ræða saman eru líka staddir einhvers staðar í samtalinu, þeir eru á sama stað (nema í símtölum) og það veldur því að þeir vísa til sameiginlegs umhverfis, t.d. með staðar-

atviksorðum. Málhegðun af því tagi getur orkað tvímælis í ritun vegna þess að sá sem skrifar og hinn sem les eru sjaldnast á sama stað.

Talsverður munur virðist líka vera á orðaforða talmáls og ritmáls þótt vissulega sé stærsti hluti orðaforðans nýttur bæði í tal- og ritmáli. Nokkur dæmi um slíkan munur eru sýnd í *Töflu 3* (sjá Ástu Svavarsdóttur, 2003; Nunan, 1993):

Tafla 3 – Orðanotkun í dæmigerðu talmáli og dæmigerðu ritmáli			
Orðanotkun	Dæmi	Talmál	Ritmál
- orðanotkun í dæmigerðu talmáli og dæmigerðu ritmáli	Kerfisorð: forsetningar, samtengingar, hjálpar-sagnir, fornöfn. Inntaksorð: nafnorð, sagnorð, lýsingarorð.	Hátt hlutfall kerfisorða	Hátt hlutfall inntaksorða
- áhersluorð /herðandi forskeyti	geðveikur, glataður, skíthræddur	Mikið notað	Lítið notað
- orðræðuagnir	bara, herna, svoleiðis, akkúrat, sko, ókei	Mikið notað	Lítið sem ekkert notað
- upphrópanir	almáttugur, ég trúir þér ekki, andskotinn	Talsvert notað	Ekki til
- slangur	gaur, gella, skinka, glætan	Talsvert notað	Lítið notað
- tökuorð	aktívur, breinstorma, frílans	Mikið notað	Lítið notað
- endurgjöf	<i>já, nei, mhm</i>	Mikið notað	Ekki til

Mesta athygli í *Töflu 3* vekur e.t.v. að í talmáli er hærra hlutfall kerfisorða, þ.e. merkingarlítilla orða sem hafa það hlutverk að sýna tengsl milli orða og tengja saman einingar málsins. Þeir orðflokkar sem mynda uppistöðuna í flokki kerfisorða eru forsetningar, samtengingar, hjálparagnir og fornöfn en þau hafa sum hver þann eiginleika að geta vísað fram og aftur í texta (t.d. persónufornöfn, eignarfornöfn og ábendingarfornöfn). Í flokki inntaksorða finnum við orðin sem bera uppi merkingu þess sem sagt er eða skrifað, þ.e. nafnorð, sagnir og lýsingarorð. Atviksorð geta tilheyrt báðum flokkum, allt eftir eðli þeirra sem er margbreytilegt.

Mikill fjöldi kerfisorða í talmáli veldur því að talmálseiningin er gisnari, þ.e. lengra er á milli inntaksorðanna. Því er auðveldara að koma miklu magni upplýsinga í stuttan ritmálstexta en samsvarandi talmálstexta. Það liggur svolítið í eðli þessara tveggja miðlunarleiða að málum skuli fyrir komið með þessum hætti; talmálið flýgur og er ekki afturkræft eftir að síðasta orðið hefur dáið út. Þess vegna verður að vera ráðrúm fyrir þá sem á hlýða að innbyrða upplýsingar talmálsins. Ritmálið getum við hins vegar heimsótt aftur og aftur ef við skiljum ekki það sem skrifað er við fyrsta lestur.

Textategundir talmáls og ritmáls

Stundum heyrir rætt um *málsnið talmáls* eins og það sé eitt og hið sama hverjar sem aðstæðurnar eru (sjá um *málsnið* t.d. Höskuld Þráinsson, 1995; Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal, 2010; Þórunni Blöndal, 2005a). Slík umræða er villandi og einfaldar hlutina um of. Eðlilegra er að segja að innan ritmáls og talmáls, hvors um sig, sé að finna fjölmargar textategundir og hverri textategund fylgi tiltekið málsnið, þ.e. hefðir og venjur innan málsfélagsins krefjast þess að ólíkir textar lúti tilteknum lögmálum um mál og framsetningu. Ólíkar textategundir eiga svo erindi við ólíka hópa áheyrenda eða lesenda við ólíkar aðstæður. Það nægir að fletta dagblaði til að fjöldi textategunda blasi við, þar er

að finna fréttir, auglýsingar, einkamáladálka, tilkynningar, stjórnuspá, slúður, myndasögur og minningargreinar og er þá fátt eitt talið. Og þótt nemendur í grunn- og framhaldsskólum hafi einhverja hugmynd um að ekki sé við hæfi að nota sama málsnið í frétt og stjórnuspá er ekki þar með sagt að sú hugsun sé skýr þegar kemur að þeirra eigin ritun. Til þess að skerpa á vitneskjunni þarf umræður um textategundir og þjálfun við að greina einkenni þeirra. Þá fyrst er hægt að nýta kunnáttuna bæði við ritun eigin texta og við lestur ólíkra textategunda (sjá Hörpu Kolbeinsdóttur, 2010; sjá líka Þórunni Blöndal, 2010).

Í óundirbúnu talmáli eins og hér er til umræðu virðast textategundir e.t.v. ekki margar en þó má greina þar ólík samtalsform, t.d. í kunningjasamtölum, í samtölum sem eiga sér stað í verslun eða við aðra þjónustu og í símtölum sem lúta öðrum lögmálum en samtöl sem eiga sér stað augliti til auglitis (sjá Þórunni Blöndal, 2005a). Í venjulegum samtölum koma líka fyrir frásagnir af ýmsu tagi, gamansögur og sögur af fólki og atburðum svo eitthvað sé talið. Um þá málhegðun gilda venjur og hefðir í íslensku málsamfélagi og allt eru þetta verðug og gagnleg viðfangsefni fyrir skólanemendur.

Viðfangsefni – rannsóknarefni

Eins og endranær er best að láta nemendur sjálfa komast að því hvað það er sem skilur á milli dæmigerðs talmáls og dæmigerðs ritmáls. Það má gera með ýmsu móti. Upphafsverkefni væri kannski að hlusta á útvarpsrás sem nemendur hlusta mikið á og bera saman málið sem þar heyrir og málið eins og það er notað í fréttatímum RÚV. Fyrirmælin geta verið á þá leið að nemendur eru beðnir að skrifa hjá sér fimm atriði sem einkenna málnotkun útvarpsfólksins. Í kennslustund er eðlilegt að nemendur vinni í 3–5 manna hópum og ræði um það sem þeim þykir einkenna málnotkunina á stöðvunum tveimur. Síðan er þessum atriðum safnað saman og búinn til listi og spurt: Hvað af þessu er aðeins að finna í talmáli? Hvaða orð eða orðasambönd myndi fólk aldrei nota í ritgerð eða kennslubók? Þá er líka skemmtilegt að biðja nemendur að taka upp eina klukkustund þar sem þeir sjálfir spjalla við vini og hlusta svo á það í umræðuhópunum og spyrja: eru einhver fylliorð eins og *sko*, *bara*, *hérna*, *þú veist*, *ókei* notuð meira en önnur (þessi orð eru yfirleitt kölluð *orðræðuagnir* í fræðilegri umræðu; í almennri umræðu eru þau stundum kölluð *hikorð* en það orð felur í sér mat á því til hvers orðin eru notuð og það getur verið villandi). Hvernig eru þessi orð notuð? Merkja þau eitthvað? (Sjá fleiri kennsluhugmyndir hjá Þórunni Blöndal, 2005a; sjá um 'ókei' Þórunni Blöndal, 2006). Aðalatriðið hér er kannski að stilla sig alveg um að dæma einhver talmálsafbrigði úr leik en ræða frekar hvers vegna orð eins og *sko* og *ókei* eru jafn mikið notuð og raun ber vitni. Er þörf fyrir þau í talmálinu? Hvernig eru þau notuð? Eiga þau undir einhverjum kringumstæðum heima í ritmáli?

Þá gæti líka verið áhugavert að biðja nemendur að endursegja stutta frásögn sem þeir hafa lesið eða hlustað á lesna, taka endursögnina upp og spila síðan í þriggja manna hópum. Athugunarefni hópanna yrðu þau að greina endursögn hópfélaganna og bera saman við rituðu/lesnu útgáfuna. Hvað er líkt með þessum tveimur útgáfum? Hvað er ólíkt? Tilvalið er að enda á umræðum um hvað er við hæfi í talmáli en ekki ritmáli – og öfugt.

Öllum verkefnum ætti svo að ljúka með umræðum: Hvað vorum við að gera í þessu verkefni og til hvers? Þessi þáttur þarf ekki að taka langan tíma en er eigi að síður mjög gagnlegur.

Rannsóknarefni fyrir íslenskukennara eru líka ótalmörg í hinum lifandi málheimi kennslustofunnar. T.d. væri gagnlegt verkefni að biðja nemendur að segja skólafélaga sínum frá einhverju atviki, t.d. hvenær þeir hafa orðið hræddastir eða hvenær þeir skömmuðust sín mest, og taka frásagnir upp á band. Nokkrum vikum síðar mætti biðja nemendur að skrifa

frásögn í skólablað þar sem þeir segja frá þessu sama atviki. Síðan gæti kennari borið saman og skrifað grein í *Skímu* um mismuninn á þessu tvennu.

Lokaorð

Í skólanámi er mikil áhersla lögð á að ná tökum á ritmálinu. Það fyrsta sem börn læra þegar í grunnskóla er komið er að kljást við ritað mál, bæði að ráða í tákni þess og draga þau upp. Mikil áhersla á ritað mál er ekki óeðlileg en hún hefur orðið til þess að venjulegt talmál hefur orðið útundan, þ.e. því er ekki sinnt á eigin forsendum (sjá Linell 2005 en hann talar um „written language bias“). Talmálið hefur því ekki notið sannmælis heldur hefur það verið borið saman við ritmálið og því stundum lýst neikvætt út frá því eins og mátti merkja í orðum Björns Guðfinnssonar (1943) sem vísað er til hér að framan, þegar hann kallar setningar sem vel myndu sóma sér í eðlilegu talmáli *ófullkomnar setningar*. Þessu þyrfti að breyta og haga málum á þann hátt að skólinn þjálfði nemendur jafnt í vinnu og umræðum um talmál og ritmál og hvoru tveggja yrði þá sinnt út frá eigin forsendum. Til þess að svo megi verða þurfa kennarar að standa föstum fótum í þeim fræðum sem fást við málnotkun, s.s. orðræðu- og samtalsgreiningu, og flytja þekkingu sína inn í kennslustofuna og byggja á henni í kennslunni. Svo virðist sem kennsla í ritun sé með öðrum hætti í íslenskum skólum en í skólum annarra Evrópulanda. Til þess benda niðurstöður rannsókna Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2007) en þær leiða í ljós að íslensk ungmenni á aldrinum 14–17 ára standa jafnöldrum sínum í fimm Evrópulöndum að baki við flókna textagerð; í samanburðarlöndunum hafði orðið stórt framfarastökk milli 14 og 17 ára aldurs en hjá íslensku ungmennunum varð hins vegar lítil sem engin breyting á þessum aldri. Þá skiptir líka máli að nemendur séu kunnugir textategundum talmáls og ritmáls og viti hvað er við hæfi við ólíkar málaðstæður (sjá Hrafnhildi Ragnarsdóttur, væntanleg). Einmitt á unglingsaldri er jarðvegurinn frjór, tæknin við að skrifa er fyrir hendi, tilveran oft býsna flókin og margir nemendur áreiðanlega tilbúnir til að nálgast móðurmálið á nýjan og ferskan hátt og takast á við flókin verkefni sem reyna á aukna hæfni þeirra.

Heimildir

Ásdís Arnalds og Sólveig Einarsdóttir. (2010). *Tungutak. Félagsleg málvísindi handa framhaldsskólum*. Reykjavík: JPV-útgáfa.

Ásta Svavarsdóttir. (2003). Ordbogen og den daglige tale. Om den islandske talesprogsbank (ISTAL) og dens betydning i ordbogsredaktion. Í Zakaris Hansen Svabo og Anfinnur Johansen (ritstjórar), *Nordiske studier i leksikografi 6*. Rapport fra Konference om leksikografi i Norden, Tórshavn 21.–25. august 2001 (bls. 43–48). Skrifter udgivet af Nordisk forening for leksikografi, Skrift 7. Tórshavn: Nordisk forening i leksikografi, Nordisk sprogråd og Fróðskaparsetur Föroya.

Björn Guðfinnsson. (1943). *Íslensk setningafræði handa skólum og útvarpi*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Harpa Kolbeinsdóttir. (2010). Láttu textann ráða för. Vinna með texta frá sjónarhorni málnotkunar. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands. <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/013.pdf>

Hatch, E. (1996). *Discourse and Language Education*. Cambridge: Cambridge University Press.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2007). Þróun textagerðar frá miðbernsku til fullorðinsára. Lengd og tengingar setninga í frásögnum og álitserðum. *Uppeldi og menntun*, 16(2), 139–159.

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (Væntanleg). Orðaforði í textum barna, unglunga og fullorðinna: Samanburður á í rit- og talmáli. *Uppeldi og menntun*.

Höskuldur Þráinsson. (1995). *Handbók um málfræði*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.

Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. (2010). *Handbók um ritun og frágang*. 10. útgáfa. Reykjavík: Mál og menning.

Linell, P. (2005). *The Written Language Bias in Linguistics. Its nature, origins and transformations*. Oxon: Routledge.

Nunan, D. (1993). *Introducing Discourse Analysis*. London: Penguin Books.

Tannen, D. (1982). Oral and literate strategies in spoken and written narratives. *Language*, 58(1), 1–21.

Þórunn Blöndal. (2001). Orðræðugreining. Í Þórunn Blöndal og Heimir Pálsson (ritstjórar), *Alfræðí íslenskrar tungu* [margmiðlunardiskur]. Reykjavík: Lýðveldissjóður / Námsgagnastofnun.

Þórunn Blöndal. (2005a). *Lifandi mál. Inngangur að orðræðu- og samtalsgreiningu*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun KHÍ.

Þórunn Blöndal. (2005b). Orðræðugreining og setningafræði. Í Höskuldur Þráinsson (ritstjóri), *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga 3 (bls. 677–695). Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Þórunn Blöndal. (2006). „... og við alveg bara ókei ...“. Vangaveltur um tíðni og hlutverk ókei í íslensku talmáli. *Skíma*, 2, 17–20.

Þórunn Blöndal. 2010. Textar og nýting þeirra í kennslu. *Skíma*, 33(2), 12–16.



Þórunn Blöndal. (2010).
Málheimur kennslustofunnar: Aðgreining talmáls og ritmáls í kennslu.
Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/029.pdf>